



Enn er hægt að boða komu sína í ráðhúsið

Margir hafa boðað komu sína í móttökuna í ráðhúsinu. Við báðum fólk um að tilkynna þátttöku til okkar fyrir sunnudag til að geta fengið tilfinningu fyrir því hvað við þurfum að panta af veitingum.

Við höfum heyrt af mörgum sem hyggjast koma en eru ekki búinir að tilkynna það á netfangið isadopt@isadopt.is. Við vekjum því athygli á því að það er ekki of seint að boða komu sína.

Við viljum auðvitað láta þakklæti okkar í ljós til kínversku þjóðarinnar sem hefur treyst okkur fyrir því mikilvægasta í lífinu börnunum okkar. Þess vegna fjölmennum við í Ráðhús Reykjavíkur á þriðjudaginn kl. 17:00.



Framkvæmdastjóri CCCWA í seinustu Íslandsheimsókn og íslenskur gestgjafi

Skoppa og Skríta hafa boðað komu sína

Það er ánægjulegt að greina frá því að þær stóllur Skoppa og Skríta hafa boðað komu sína í móttöku ÍÆ í Ráðhúsi Reykjavíkur á þriðjudag. Yngstu gestirnir ættu sérstaklega að gleðjast yfir því



Fjölskyldumyndasöfnunin gengur vel

Það stendur til að varpa myndum af börnum og fjölskyldum þeirra á vegg í ráðhúsinu á meðan á móttökunni stendur.

Við höfum nú þegar fengið sendar tæplega tvö hundruð myndir og það er óhætt að fullyrða að á meðal þeirra eru margar af dásamlegustu myndum Íslandssögunnar.

Þú getur bætt þínum myndum í safnið með því að senda þær á isadopt@isadopt.is Við erum sannfærð um að þessi myndasýning munu gleðja gesti okkar sérstaklega.